





Reykjavík, 21. júlí 2026
USK26060132

Umsókn um framkvæmdaleyfi - Gatnamót Miklubrautar og Grensásvegur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21.júlí 2026 var lögð fram umsókn Verkfræðistofunnar Hnit um framkvæmdaleyfi vegna bættrar öryggisaðgerðar við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegur. Framkvæmdin er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar



Aðalskipulag Reykjavíkur



Deiliskipulag Breikkun Miklubrautar

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er svæðið skilgreint sem vegir, götur og stígar, VE

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Breikkun Miklubrautar, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.10.2000 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Framkvæmdin felst í umbótum á öryggi- og aðgengi við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegur. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta umferðaröryggi, sýnileika og aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegur. Með upphækkuðum þverunum, bættri lýsingu og endurbættum miðeyjum er leitast við að skapa öruggari og skýrari þverunarstaði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Helstu verkþættir eru:

- Gerð fjögurra nýrra einhalla hraðahindrana á framhjálaupum við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegur.
- Uppsetning sebramerkinga á öllum upphækkuðum þverunum. Breyta núverandi þverunum í gangbrautir í samræmi við 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.



- Endurbætur á miðeyjum og aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Endurbætur á lýsingu við þveranir og miðeyjar.
- Endurgerður yfirborðsfrágangur.



Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar. Um er að ræða framkvæmdir við öryggisaðgerðir á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegar. Framkvæmdin er á stórum gatnamótum, telst umfangsmikil og breytir að einhverju leyti ásjón umhverfisins og nær yfir nokkuð langt tímabil með tilheyrandi raski fyrir íbúa og notendur.

Framkvæmdin er afmörkuð við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegar og aðliggjandi göngu- og hjólaleiðir. Leitast skal við að halda röskun á umferð og aðgengi í lágmarki meðan á framkvæmdum stendur. Ef nauðsynlegt reynist að loka tímabundið göngu- eða hjólaleiðum skulu viðeigandi varúðarráðstafanir gerðar og tryggðar öruggar hjálaleiðir fyrir vegfarendur. Framkvæmdaraðili skal fara eftir gildandi reglum og leiðbeiningum um vinnusvæði, merkingar, öryggisráðstafanir og umgengni á framkvæmdasvæðinu. Gert er ráð fyrir um 8 vikna framkvæmdartíma yfir sumar 2026.

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á að viðhalda öryggi á vinnusvæði og tryggja að aðgengi að nærliggjandi svæðum skerðist sem minnst á framkvæmdatíma. Ekki er heimilt að stafla efni eða búnaði þannig að það valdi sjónhindrunum, umferðaröryggi eða öðrum óþægindum fyrir vegfarendur.

Framkvæmdaleyfishafi skal afla allra nauðsynlegra leyfa og eftir atvikum samráðs við viðeigandi rekstraraðila veitukerfa og aðra hagaðila áður en framkvæmdir hefjast. Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði.



Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Niðurstaða

Fallist er á að veitt verði framkvæmdaleyfi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Helga Rún Guðmundsdóttir
verkefnastjóri



Reykjavík